

Nd.

602. Nefndarálit

[177. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 frá 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Frumvarpið hefur verið athugað á sameiginlegum fundum fjárhagsnefnda beggja þingdeilda.

Aðalatriði frv. eru þessi:

Sérstakar stjórnir verði settar yfir hvora aðaldeild Landsbankans fyrir sig, Seðlabankann og Viðskiptabankann.

Landsbankanefndin verði lögð niður.

Alþingi kjósi fjóra af fimm bankaráðsmönnum, en ríkisstjórnin skipi formann ráðsins.

Umboð núverandi bankaráðsmanna falla niður, um leið og lagabreytingin öðlast gildi, og af breytingunni leiðir einnig það, að umboð bankastjóranna falla niður.

Á fundi nefndarinnar í dag var samþ. með 3 gegn 2 atkvæðum að mæla með samþykkt frumvarpsins. Undirritaðir mæla með frv.

Meiri hl. flytur brtt. við frv. á sérstöku þingskjali. Voru þær allar samþykktar mótaatkvæðalaust í nefndinni, og verður gerð grein fyrir þeim í framsögu.

Alþingi, 23. maí 1957.

Skúli Guðmundsson,
form., frsm.

Benedikt Gröndal,
fundaskr.

Einar Olgeirsson.